


| | |
|--|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 21/4 2020 |
| Málsnr: | 1502214 |
| Bréfal: | 600 |

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, (Hfj) og
Markaðsstofa Hafnarfjarðar, kt. 630316-2190, (MsH),
eru sammála um eftirfarandi:

Samkomulag um markaðsstarf

1. gr. Markmið

Tilgangur MsH kemur fram í 3. gr. samþykktu (skipulagskrár) MsH

MsH starfar á sviði atvinnu-, ferða- og markaðsmála og hefur samstarf við Hfj um það sem tilgreint er í þessu samkomulagi og samræmist samþykktum stofunnar en samkvæmt þeim er tilgangur MsH að:

- Efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á að auka vinnustarfsemi innan marka bæjarfélagsins
- Efla samstarf atvinnulífsins, bæjarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu innan Hafnarfjarðar í þeim tilgangi að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu
- Stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á svæðinu öllu

2. gr. Framlag Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hfj leggur MsH til húsnæði, starfsaðstöðu fyrir einn starfsmann. Einnig leggur Hfj til tölvu og aðgang að tölvuþjónstu hjá Hfj.

Hfj leggur til fjármagn til reksturs MsH að lágmarki 10,7 milljónir á ári á samningstímabilinu. Framlag Hfj greiðist með jöfnum greiðslum, fyrri greiðslan fyrir 20. janúar ár hvert og síðari greiðslan eigi síðar en 20. júlí ár hvert.

Framlag Hfj er til að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði MsH. Fyrir lok samningstíma skal fjárframlag bæjarins tekið til endurskoðunar með tilliti til endurnýjunar samningsins og fer sú endurskoðun fram í samráði við stjórn MsH. Stefnt skal að aukinni sjálfbærni starfseminnar og verður rekstrarform stofunnar skoðað sérstaklega á samningstímanum.

Samráðsfundir MsH og starfsmanns þjónustu- og þróunarsviðs Hfj eru haldnir annan hvern mánuð, þar sem farið er yfir stöðu verkefna og samningsaðilar geta skipst á tillögum um aðgerðir og úrbætur.

3. gr. Framlag Markaðsstofu Hafnarfjarðar

MsH skal árlega leggja fram tímasetta verkefnaáætlun þeirra verkefna sem áætlað er að vinna á árinu miðað við ofangreinda fjárveitingu. Þar komi fram markmið og tilgangur verkefna, helstu vörður og áætlaður kostnaður við hvert verkefni. Merki Hafnarfjarðarbæjar skal birt á öllu efni vegna verkefna MsH fyrir Hfj þegar við á.

Um önnur verkefni sem Hfj kys að fela MsH en ekki koma fram í árlegri verkefnaáætlun skal samið sérstaklega.

RG
HW

4. gr. Verkefni

MsH tekur að sér að sinna eftirtöldum verkefnum í samstarfi við Hfj

4.1 Atvinnulíf

MsH mun vinna að eflingu atvinnulífs og jákvæðrar fyrirtækjamenningar í Hafnarfirði með því að:

- Skapa vettvang fyrir samskipti og samvinnu á milli fyrirtækja bæði út frá staðsetningu og starfsemi s.s. með fyrirtækjaheimsóknum, einyrkjakaffi, vinnufundum og hugsanlegum klasaverkefnum.
- Bjóða upp á upplýsingagjöf og ýmsa fræðslumöguleika s.s. í formi námskeiða og fyrirlestra.
- Veita upplýsingar til fyrirtækja sem vilja hefja starfsemi í Hafnarfirði.
- Kynna Hafnarfjörð sem ákjósanlegan stað fyrir rekstur fyrirtækja, bæði stórra og smárra með það að markmiði að laða fleiri fyrirtæki í bæinn og hlúa að þeim sem fyrir eru.
- Hafa frumkvæði að því að leita uppi aðila sem eru að hefja rekstur eða eru að íhuga að færa sig um set.
- Vinna með fyrirtækjum að vexti í verslun og fjölgun á viðskiptavinum fyrirtækja í Hafnarfirði.

4.2 Ferðamál

- Vinna með ferðapjónustuteymi Hfj að markmiðum Hfj og fyrirtækja í ferðapjónustu samkvæmt stefnu um ferðamál í Hafnarfirði.

4.3 Markaðsmál

MsH skal í samráði við starfsfólk þjónustu- og þróunarsviðs Hfj annast markaðssetningu og kynningu á Hafnarfirði. Skal sú markaðssetning miða að því að efla Hafnarfjörð sem ákjósanlegan kost fyrir atvinnustarfsemi, íbúa og gesti bæjarins.

5. gr. Eftirlit og samráð

Bæjarráð Hafnarfjarðar fer með eftirlit með samningi þessum fyrir hönd Hfj. MsH skilar tvisvar á ári yfirliti til bæjarráðs um framgang verkefna. Þann fund sitja ásamt starfsmanni MsH, fulltrúar bæjarstjórnar í stjórn MsH auk formanns og varaformanns. Rekstrar- og verkefnaáætlun MsH vegna komandi árs skal liggja fyrir þann 15. október ár hvert.

MsH er heimilt að óska eftir frekari fjárveitingum til Hfj til einstakra verkefna utan árlegrar verkefnaáætlunar. Stofunni er þó ekki heimilt að hefja vinnu við slík verkefni fyrr en samþykkt bæjarráðs um fjármögnun liggur fyrir.

MsH er heimilt að afla viðbótarfjármagns m.a. í gegnum samstarfsverkefni og ýmis konar verktöku án þess að það hafi áhrif á árlegt framlag Hfj. MsH skal gæta þess að slík verkefni samræmist ávallt samþykktum stofunnar og hafa faglegt samráð við fulltrúa og starfsfólk Hfj þar sem það á við.

MsH færir bókhald og gerir uppgjör samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir og skal skila ársreikningi til Hfj fyrir 1. júní ár hvert.

**6. gr.
Gildistími**

Samkomulag þetta gildir til tveggja ára frá 1. janúar 2020 – 31. desember 2021.

Undirbúningur að endurnýjun samkomulagsins skal hefjast að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en gildistíma lýkur.

Hvor aðili getur sagt upp samkomulagi þessu með sex mánaða fyrirvara ef verulegir vankantar eru á framkvæmd þess.

7. gr.

Rísi mál út af samkomulagi þessu skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness

Hafnarfirði 24/4 2020

Fh. Markaðsstofu Hafnarfjarðar



F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar



Vottar:

Amberon 050573-5409

Sigrún Ólafur
301268-4249